



Embætti
landlæknis
Directorate of Health



Ljósmeðrafélag
Íslands

FAGLEGAR LÁGMARKSKRÖFUR

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu nr 41/2007, 6. grein

Heimafæðingar

Flokkur heilbrigðisþjónustu	Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna.
Tegund þjónustu	Heimafæðingar.
Samskipti við sjúklinga	<p>Í samskiptum við sængurkonu og fjölskyldu hennar leitast ljósmeður við að starfa samkvæmt Alþjóðasiðareglum ljósmeðra, lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, reglugerð nr. 1089/2012 og lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 eftir því sem við á.</p> <p>Ætíð sé skráð að kona/verðandi foreldrar hafi fengið upplýsingar í samræmi við leiðbeiningar Landlæknisembættisins um val á fæðingarstað, þ.m.t. möguleika til hjálpar ef óvænt atvik verða í fæðingu. Ljósmeður fái fyrirfram samþykki konunnar/verðandi foreldra um flutning á hærri þjónustustig í þeim tilvikum sem ljósmóðirin telur að öryggi barns eða konu sé betur tryggt þar.</p> <p>Ljósmeður sýna skjólstæðingum sínum virðingu og trúnað og gæta þagnarskyldu. Ljósmeðrum ber að upplýsa skjólstæðinga sína um réttindi þeirra og virða sjálfræði til ákvarðanatöku um umönnun og meðferð.</p>

<p>Skráning</p>	<p>Skráning um samskipti ljósmóður og skjólstæðings skal fara fram í samræmi við lög og reglugerðir um sjúkraskrár og persónugreinanlegar upplýsingar. Ljósmóður ber að færa sjúkraskrá og halda til haga öllum upplýsingum varðandi þessa þjónustu. Persónugreinanlegar upplýsingar skulu ekki vera aðgengilegar öðrum en þeim sem sinna meðferð. Atvikaskráning lýtur lögum og tilmælum landlæknis.</p> <p>Hvort sem um rafræna skráningu eða skráningu á pappír er að ræða skal varðveisla þeirra gagna og eyðing vera í samræmi við lög, reglugerðir og tilmæli landlæknis um öryggi sjúkragagna. Ennfremur er tekið mið af lögum um réttindi sjúklinga. Aðferð við afritun rafrænna sjúkraskrárgagna skal liggja fyrir.</p> <p>Ef um heimafæðingu er að ræða ber ljósmóður að tilkynna fæðingu til Þjóðskrár. Fæðingarskrá á einnig að fá eintak af fæðingartilkynningu.</p> <p>Um meðferð meðgönguskrár fer samkvæmt tilmælum landlæknis. Ljósmóðir geymir frumrit meðgönguskrár skv. lögum um varðveislu sjúkraskráa (læstar hirslur). Ljósmóðir sendir ljósmæðrabréf eða afrit meðgönguskrár til heilsugæslustöðvar konunnar.</p> <p>Þegar tilkynnt er um rekstur skal tekið fram á hvaða formi tekið er við upplýsingum úr mæðravernd, hvernig skráningu í fæðingu og sængurlegu er háttað og með hvaða hætti upplýsingum er komið áfram til ungbarnaverndar.</p>
<p>Símenntun</p>	<p>Ljósmæður sækja námskeið LMFÍ um heimabjónustu ljósmæðra. Ljósmæður leitast við að viðhalda þekkingu sinni og færni og tileinka sér nýjungar í starfi með símenntun. Þær kynna sér þróun starfs síns með lestri fagtímarita og því að sækja námskeið, fyrirlestra og ráðstefnur.</p>
<p>Mönnun</p>	<p>Undirrituð ljósmóðir</p>
<p>Húsnæði</p>	<p>Heimili skjólstæðings</p>
<p>Búnaður og tækjakostur</p>	<p>Fyrir heimafæðingar</p> <p>Upplýsingar um hvernig lyfja er aflað, hvernig lyf eru geymd og hvernig þeim er fargað þurfa að koma fram. Verklag gæti verið: Samvinna ljósmóður og læknis við 36 vikna meðgöngu.</p>

	<p>Læknir skrifar lyfseðil á þau lyf sem nota þarf við heimafæðingu á nafn verðandi móður, (sjá. Lyfjalög nr. 93/1994, 3. mgr.11. gr, Reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja nr. 111/2001, 20. og 26 gr.). Ef samningur er gerður við heilbrigðisstofnun um útvegum og geymslu lyfja vegna heimafæðinga þarf að framvísa þeim samningi. Í honum er gerð grein fyrir samningsaðilum og verklagi þeirra á milli.</p> <p>Akút: Ambupoki barna, munnsog barna, Ringer Acetat, vökvasett, æðaleggir, stasi.</p> <p>Fæðingaráhöld: Áhaldabox, æðatangir, naflaskæri, nálahaldari, saumaskæri, pincetta, episiotomiuskæri.</p> <p>Önnur áhöld: Doptone, hitamælir, blóðþrýstingsmælir, hlustpípa, ungbarnavog, málband.</p> <p>Annað: Nálar og sprautur, saumar, gel fyrir doptone, meðgönguskífa, naflateygjur, naflaklemma, Hibitane eða explorationskrem eða olía, hanskar sterilir og hreinir, þvagstix, þvagleggir, plastpokar, belgjaklórur, spritt, bómull, grisjur, glös fyrir naflastrengsblóð, saltvatn, bindi, nálastungunálar ef vill.</p> <p>Eyðublöð: Barnablöð, fæðingartilkyning, framhaldsblöð fyrir mæðraskrá, yfirlýsingablað, nýburaskimun (blóðrannsókn PKU), blóðbankabeiðni (rannsóknir og blóðhlutar, notað ef konan er Rh-neg.), skráningareyðublað fyrir heimaþjónustu.</p> <p>Einnig skal ljósmóðir láta móðurinni í té fæðingarvottorð sem hún notar þegar sótt er um sjúkradagpeninga sem móðirin á rétt á þegar hún hefur fætt heima.</p> <p>Ljósmóðir tryggir að áhöld séu sótthreinsuð.</p> <p>Fyrir vitjanir í sængurlegu:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Áhöld: Blóðþrýstingsmælir og hitamælir. 2. Einnota hjúkrunarvörur til sýnatöku, skoðunar o.fl.. 3. Upplýsingabæklingar/bækur. 4. Eyðublöð til skráningar, bókhaldsgögn, læst hirsla til tímabundinnar skjalavörslu. 5. Ef notuð er tölva til skráningar og bókhalds skal vinnslusvæði vera læst með aðgangsorði.
--	---

<p>Gæðavísar</p>	<p>Hliðsjón er höfð af:</p> <p>Leiðbeiningum um val á fæðingarstað, Landlæknisembættið september 2007.</p> <p>Faglegum leiðbeiningum fyrir heimaþjónustu ljósmæðra,</p>
-------------------------	--

	<p>Landlæknisembættið og Ljósmeðrafélag Íslands, febrúar 2009.</p> <p>Embætti landlæknis mun vinna með Ljósmeðrafélagi Íslands að því að velja gæðavísa sem endurspeglar helstu áherslur í þjónustunni. Dæmi um þau svið sem áhersla verður lögð á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Brjóstgjöf • Fræðsla til foreldra • Næring nýburans • Nýburagula • Samskipti við aðra heilbrigðisstarfsmenn • Flutningur fæðandi kvenna á sjúkrahús
--	--

Gildistími	Samkomulag þetta gildir frá undirskrift landlæknis og verður endurskoðað eftir 5 ár en fyrir ef forsendur þess breytast skv. mati annars hvors aðilans.
-------------------	---

Útgefið	<i>Staður</i> Seltjarnarnes	<i>Dags.</i> 29. september 2010
<i>Undirskrift landlæknis</i>	Geir Gunnlaugsson	<i>Undirskrift [fh Ljósmeðrafélags Íslands]</i>
		Guðlaug Einarsdóttir

Þessar faglegu lágmarkskröfur eru gefnar út á rafrænu formi og birtar á vef Embættis landlæknis, www.landlaeknir.is. Þær eru unnar í samvinnu við Ljósmeðrafélag Íslands.